

## Erindisbréf FUM - TN-SSK - Tækninefnd um Sjálfbæra Skógrækt

Stjórn Staðlaráðs Íslands staðfestir hér með stofnun Tækninefndar um Sjálfbæra Skógrækt (TN-SSK), sbr erindi FUM til stjórnar Staðlaráðs. Nefndin var stofnuð að frumkvæði fagaðila í skógrækt, umhverfismálum og viðeigandi stofnana.

**Tilgangur og hlutverk nefndarinnar:** Tilgangur nefndarinnar er að skilgreina, þróa og setja fram tæknilega staðla og viðmið fyrir sjálfbæra skógrækt. Meginverkefni nefndarinnar eru:

- skilgreining á viðmiðum fyrir sjálfbæra skógrækt
- samþætting tæknilegra viðmiða við alþjóðlega staðla og ákvæði, þar á meðal skógarnýtingar, kolefnisbindingar og vistkerfisverndar og fleira.
- mótun leiðbeininga fyrir sjálfbæra nýtingu skóga í samhengi við alþjóðleg viðmið.
- skógrækt og samspil við aðra landnotkun.
- aðkoma að innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði staðlastarfs.

**Starfstími og fyrirkomulag vinnu:** Starfstími nefndarinnar er ótímabundinn, en hún skal setja sér skýra starfsáætlun og markmið. Fundir nefndarinnar verða haldnir reglulega og skjöl nefndarinnar skulu vera opin þeim aðilum sem taka þátt í starfinu.

**Skipan nefndarinnar:** Formaður nefndarinnar er Úlfur Óskarsson, faglegur ritari er Ragnhildur Freysteinsdóttir og umsjónarmaður af hálfu Staðlaráðs er Haukur Logi Jóhannsson.

**Þátttakendur:** Meðlimir nefndarinnar við stofnun hennar eru eftirfarandi:

- Úlfur Óskarsson – Land og Skógur
- Gunnlaugur Guðjónsson – Land og skógur
- Aaron Zachary Shearer – Land og skógur
- Anna Guðrún Ahlbrecht – Náttúrufræðistofnun
- Pawel Wasowich – Náttúrufræðistofnun
- Guðrún Lára Sveinsdóttir – Skipulagsstofnun
- Valdimar Reynisson – Ygg Carbon
- Ragnhildur Freysteinsdóttir – Skógræktarfélag Íslands
- Ragnheiður Gló – Fornleifastofnun
- Lísabet Guðmundsdóttir – Minjastofnun
- Ásmundur Skeggjason – Skógálfar
- Gunnar S. Magnússon – Deloitte
- Hákon Ásgeirsson – Náttúruverndarstofnun
- Rannveig Anna Guicharnaud – International Carbon Registry
- Edda Sigurdís Oddsdóttir - Landsvirkjun

**Umboð og starfsreglur** Nefndin starfar í umboði Stjórnar Staðlaráðs Íslands og í samræmi við starfsreglur Staðlaráðs um tækninefndir.